

Fígúratífir Septemmenn

— á Kjarvalsstöðum

Sýning þeirra Septembermanna er orðin árviss viðburður í listalífi borgarinnar. Þessir listamenn, sem umbreyttu listinni í lok 5. áratugarins, eru nú viðurkenndir, hluti af sögunni. En þó svo að þeir hafi vakið upp abstraktlistina á Íslandi eru þeir nú flestir orðnir nokkuð blendnir í trúnni á hina óhlutlægu list. Valtýr Pétursson telst nú fullkomlega figúratífur málari, þó að efnistöð listamannsins eigi rætur að rekja til abstrakt hugsunar. Á undanförunum árum hefur hann sýnt „geometrískar uppstillingar“ og nú


vinnur hann úr kvenfigúrinni sem hann einfaldar og magnar í lit. Í þessum verkum kemur vel fram skemmtilegur leikur milli málverksins og fyrirmyndarinnar. Kvenlíkaminn lýtur hér lögmálum málverksins og reynslu listamannsins.

Jóhannes Jóhannesson hefur einnig bætt inn í málverkið figúratífum eindum. En andstætt málverki Valtýs, heldur hann óhlutlægu og hlutlægu myndgerðunum aðskildum. Þannig virkar oft landslagið sem vettvangur fyrir óhlutlægar samsetningar.

Kristján Davíðsson gengur hvað lengst í samruna þessara tveggja myndgerða. Landið og málverkið eru eitt, tjáning listamannsins, líkt og við fáum vel notið í hinna stórkostlegu mynd tileinkaðri Ragnari í Smára.

Í síðustu verkum Þorvalds Skúlasonar má einnig merkja sterka samsvörun við náttúruleg fyrirbæri: flug, sól og landslag, sem í útfærslu listamannsins er umbreytt í dýnamísk form og þorvaldskrar myndbyggingar.

Guðmunda Andrésdóttir hefur algæra sérstöðu hvað varðar skírskotun til náttúrunnar. Hún hefur ekkert gefið eftir í sínum óhlutbundnu myndverkum. Myndir hennar fjalla um línur og form, krafta, hreyfingu og kyrrstöðu. Listakonan vinnur þröngt (myndir hennar eru líkar hverri annarri), raðar upp aftur og aftur hringformum og hreyfilínunum á mismunandi fleti og fær nýjar og nýjar niðurstöður. Það má með sanni segja að Guðmunda vinni á dýptina og þaulkanni og reyni þá



Valtýr Pétursson: Kvinna.



Kristján Davíðsson: Málað í minningu Ragnars í Smára.

Ljós. GBK.

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

möguleika sem búa í myndmálinu. Hér sýnir listakonan einvörðungu olíu-myndir, en það væri örugglega spennandi að sjá þessar formsamsetningar og tilraunir útfærðar í vatnslit á stórum fleti. Það gæti gefið þessum hugleiðingum nýjar víddir.

Gestur þeirra Septembermanna er Guðmundur Benediktsson myndhöggvari sem mótar óhlutlæga skúlptúra, samsetta massa, oft með innri hreyfingu og sterkari efnisvirkni. Hugmyndalega er Guðmundur einn af þeim og

gefa verk hans sýningunni aukði gildi.

Þegar á heildina er lítið hafa verk þessara listamanna lítið breyst frá því í fyrra. Enda er vart hægt að ætlast til þess að listamenn sýni fullkomlega nýja list á hverju ári. Tíminn á milli þessara sýninga er vart það mikill að við náum að greina breytingar frá ári til árs. En ef lítið er aftur til baka — 12 ár aftur í tímann — sjáum við þó að töluverðar breytingar hafa átt sér stað.

GBK

Ótímabær sýning

Það hefur víst ekki farið framhjá neinum á undanförunum misserum að málverkið hefur verið og er í öndvegi hjá yngstu kynslóðinni. Oftast er það kallað „nýja málverkið“. Margir ungir listamenn hafa tekið mið af þessum nýju möguleikum í listrænni tjáningu, en þó með afar misfarsælum hætti. Meiri hluti þessara nýbylgjumálara er fádæma ópersónulegur og við getum ekki bent á nema 4-5 unga listamenn hér á landi sem raunverulega hefur tekist að gefa frá sér persónulegan tón. Meirihlutinn málari óbeint upp úr listtímaritunum. Ástæður fyrir þessum litlu heimtum eru eflaust fjölmargar og margflóknar. En það sem er þó þungt á metunum er aðstöðuleysið. Flestir þessir listamenn eru nú fristundamálarar, eftir oft á tíðum allfarlegt listnám. Þeir vinna í flestum tilfellum langan vinnudag og selja nánast ekki neitt! En svo eru það líka ástæðurnar sem liggja hjá sjálfum listamönnum. Greinilegt er að oft skortir beittari sjálfsgagnrýni hjá þessum ungu listamönnum og maður er oft undrandi á hinum ótrúlega

sýningaráhuga þeirra. Maður hefur það gjarnan á tilfinningunni að nánast allt sé sýnt sem leki inná léreftin!

Sýning Árna, Daða, Kristjáns og Tuma að Kjarvalsstöðum er dæmigerð fyrir gjörsamlega tilgangslausa sýningu. Allt eru þetta listamenn sem mikil hafa sýnt án þess að þeim hafi tekist

Evrópu á síðastliðnum misserum og fyllt hafa flestar síður listtímaritanna. Það er erfitt að finna samhengið í list Árna, það örlar vart á skapandi hugsun. En við getum þó sagt að hann fylglist með!

Daði heldur áfram að mála þríhyrningar og hjartalagaðar figúru. En það er ekki að sjá að þessi verk fjalli um neitt, hvorki myndrænt, hugmyndalega né inntakslega. Þetta er aðeins banal tjáning, sem virkar fyrst og fremst eins og skraut. Tumi er á sama stigi og Daði, málari stór naifmálverk: konnu, mann og hús etc. sem best væru geymt, enn sem komið er, sem einkamál listamannsins.

Sá listamaður sem ber þó af í þessu sambandi er Kristján Steingrímur. Hann er nemandi í Þýskalandi og málari dimmar kröftugar myndir sem bera í sér einkennilega og magnaða dulúð. Þó svo að við getum ekki talað um fullkomlega persónuleg verk, búa þessar skuggamyndir yfir myndrænum gæðum sem spennandi verður að fylgjast með í framtíðinni.

Það hefur mikið fæst í vöxt á síðast-

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

að marka sér persónulegt rými. Við köllum það að þeir séu leitandi! Árni er sá sem er hvað mest leitandi. Á síðustu sýningu var hann málari, nú er hann myndhöggvari og býr til skúlptúr-hluti í takt við það sem við höfum séð í



Myndverk eftir Kristján Steingríms.

Ljós. GBK.

liðnum mánuðum að ungt listafólk sýni saman á Kjarvalsstöðum. Ástæðan er eflaust fjárhagsleg, það kostar mikið að leigja salina. En þessar samsýningar eru einnig til komnar vegna þess að viðkomandi listafólk á ekki myndir til að fylla veggjarýmið. Það virðist oft

sem þessir framsæknu listamenn hafi vart tíma til að mála, því þeir eru alltaf að sýna. Það er orðið nokkuð langt síðan við höfum séð hér í bænum stóra og myndarlega sýningu á verkum eftir ungan listamann.

GBK

Notaðir



í sérflokkki



Plymouth Volaré Coupé '80

6 cyl., sjálfsk. í gólfi, vökva-stýri, útvarp, ekinn aðeins 55.000 km, sumar- og vetrardekk, skipti á ódýrari.



Chrysler Le Baron Medallion '81

6 cyl., sjálfsk., vökva- og veltistýri, rafdrifnar rúður og skottlok, litað gler, útvarp, sumar- og vetrardekk, læst drif o.fl. aukahlutir. Stórglæsilegur lúxusbíll. Skipti á ódýrari.



Plymouth Volaré Road Runner '76

V8 318 cub., ekinn 60.000 mílur. Huggulegur bíll með fjölda aukahluta. Gott ástand, skipti á ódýrari.



Plymouth Valiant '75

Ekinn 80.000 km, 6 cyl., sjálfsk. Gamall og harður jaxl sem bregst þér varla í vetur.



Mazda 323 '77

Bíll í góðu standi sem fæst með aðeins 25.000 kr. útborgun.



SKODA Alfa Romeo

Opið í dag 1—5

JÖFUR HF.

Nýbýlavegi 2 - Kópavogi - Sími 42600

